

Svar við fyrirspurn um frístundaakstur

Mál 2302526

• 2302526 – Frístundabíll fyrirspurn foreldraráðs Hafnarfjarðar

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá foreldraráði grunnskólabarna í Hafnarfirði;

Foreldraráð grunnskólabarna Hafnarfjarðar óskar eftir því að kannaður verði möguleikinn á því að auka þjónustu við börn og foreldra á þann hátt að nemendur geti tekið frístundabíllinn aftur til baka í sinn skóla að loknum æfingum sem lýkur klukkan 16:00. Þannig má koma til móts við þá foreldra sem eiga í erfiðleikum með að ljúka vinnu fyrir klukkan 16:00 og gefa börnum færi á að fara aftur í frístund sé þess kostur.

Erindi foreldraráðs Hafnarfjarðar lagt fram og vísað til sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs til frekari skoðunar.

Í vinnu við að setja Frístundabílinn af stað var aldrei horft sérstaklega á þennan þátt. Gerð var könnun meðal foreldra, tímamælingar á akstursleiðum voru framkvæmdar, samtal var í íþróttafélög um móttöku og fyrirkomulag og því liggja fá gögn til um kosti og galla þess að aka börnunum aftur til baka. Starfsmönnum hefur ekki borist óskir um þetta fyrr utan þess sem eitt frístundaheimili var að huga að þessum möguleika fyrr á árinu.

Í dag aka sjö frístundabílar frá 10 grunnskólum á allt að 10 stoppustaði. Á venjulegum stað mætir rútan 14.20 og sækir börnin og ekur þeim á 5-7 staði. Fyrstu börn eru því jafnvel komin í hús hjá íþróttafélagi um hálf tíma áður en æfing hefst kl. 15.00. Á síðasta stoppustað er bíllinn oft kominn rétt fyrir 15.00. Þegar þessari dæmigerðu hringferð er lokið fer bíllinn aftur á upphafsáfangastað til að vera klár um 15:20 til að aka nýjum hópi barna á æfingar sem hefjast kl. 16.00

Ef þessum bíl væri ætlað að sækja börnin og aka þeim aftur í heimastöð værum við í raun að lengja vinnudag þessara barna umtalsvert. Börn sem ljúka æfingum um 16.00 þurfa að fara inn í búningsklefa og fara aftur í fót sín. Slíkt tekur að jafnaði 5-10 mínútur. Þannig að bíllinn gæti lagt af stað 16.10 og síðan færi hann allan hringinn til baka og það tæki minnst 30 mínútur og væri bíllinn því kominn á upphafstað um 16:40 hið fyrsta. Síðan myndu þau fara inn í frístundaheimilið og foreldrar gætu þá sótt þau á tímabilinu 16:50-17:00.

Þessi hópur mætir upp úr kl. 8:00 í skólann og með þessu væri skóladagurinn þeirra um 9 klst þá daga sem þau myndu nýta frístundaaksturinn. Ef foreldrar sækja börnin þá lýkur skóla- og vinnudeginum þeirra um 50 mínútum fyrr eða um 16:10.

Í dag er kostnaður bakvið aksturinn 45 milljónir fyrir um 9 mánaða akstur. Hver ferð frá einum upphafsstað til um 7 áfangastaðar kostar því um 700 þúsund á mánuði. Þessi viðbót myndi því þýða að kostnaður mun aukast um þriðjung eða 350 þúsund á eina rútu en samtals á ársgrunni um

rúmlega 22 milljónir. En ef samið yrði upp á nýtt við Hópbíla fengist eflaust afsláttur vegna samlegðar þannig að þessi tala er jafnvel hámarkstala.

Það að sækja börnin kallar líka á uppstokkun á gagnaskráningu vegna ferðanna. Það yrði trúlega val foreldra hverju sinni hvort þau sæki sjálf börnin eða láti frístundaaksturinn gera slíkt. Lítil von er um að allir foreldrar myndu vilja láta frístundaaksturinn sækja börnin sín. Því yrði að liggja fyrir skrá yfir hvaða börn færi í aksturinn tilbaka og hvaða börn yrðu sótt af foreldrum. Foreldrar myndu vilja breyta jafnvel dag frá degi og því erfiða fyrir starfsmenn að sjá hverju sinni hvaða börn komi tilbaka og hvaða börn verða sótt af foreldrum sínum.

Eitt af markmiðum akstursins var að stytta skóla- vinnudag barna. Þessi aðgerð lengir hann. Óljóst er hve margir foreldrar myndu nýta sér þetta en kostnaðurinn er umtalsverður og fastur óháð því hvort tvö börn færi í bílinn eða öll. Utanumhald fjölda þeirra sem myndu nýta þennan nýja áfanga yrði íþyngjandi fyrir starfsmenn.

Ávinningurinn af þessu yrði að óskilgreindur hópur foreldrar myndu sleppa því að sækja börnin á æfingu upp úr kl. 16.00 og myndu sækja þau klukkustund síðar í frístundaheimilin.

6. mars 2023

Geir Bjarnason